

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1427/2004

frá 9. ágúst 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, einkum 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með lögum um aðild Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjaland, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu var d-lið 4. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 breytt og kveðið á um þann möguleika að hella megi víni yfir dreggjara eða þrúguhrat eða pressað aszú-mauk þar sem hefð er fyrir því að nota þessa aðferð við framleiðslu á „Tokaji fordítás“ og „Tokaji máslás“ í héraðinu Tokaj í Ungverjalandi, að uppfylltum skilyrðum sem skal ákvarða. Það er því nauðsynlegt að skilgreina frekar þessi skilyrði og kveða á um málsmeðferð um tilkynningar ætli aðildarríkið að breyta þeim.
- 2) Í A-þætti III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000⁽²⁾ er skrá yfir vínviðar-yrki sem úr er framleitt þrúgumust eða þrúgumust í gerjun sem heimilt er að nota til að mynda vínlögun (cuvée) fyrir framleiðslu á ilmriðum gæðafreyðivínnum og ilmriðum gæðafreyðivínnum f.t.h. Breyta ber skránni þannig að hún taki til yrkja sem eru ræktuð í Tékklandi, Ungverjalandi og Slóvakíu.
- 3) Mælt er fyrir um mörk fyrir brennisteinsdíoxíðsinnihald í 1. lið A-þáttar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Undanþágur frá þessum mörkum eru skráðar í 2. lið A-þáttar V. viðauka við fyrnefnda reglugerð og í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000. Breyta ber XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000 vegna aðildar Tékklands og Slóvakíu.
- 4) Sum frönsk borðvín með landfræðilega merkingu geta haft hærri heildaralkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál og innihald rokgjarnrar sýru í þeim getur af

þessum sökum verið yfir mörkunum sem mælt er fyrir um í B-þætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 en þó minna en 25 millijafngildi á lítra. Sum grísk gæðavín f.t.h. hafa heildaralkóhólstyrkleika a.m.k. 13% miðað við rúmmál og falla því undir undanþágu varðandi innihald rokgjarnrar sýru sem mælt er fyrir um í 1. lið B-þáttar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Þessum vínnum skal bæta á skrána í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000. Einnig skal breyta þeim viðauka vegna aðildar Tékklands, Kýpur, Ungverjaland, Slóvakíu og Slóveníu.

- 5) Í XVIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000 eru tilgreind gæðalíkjörvínin f.t.h. sem í má bæta afurðunum sem um getur í b-lið 2. liðar J-þáttar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Breyta skal skránni vegna aðildar Kýpur.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1622/2000 til samræmis við þetta.
- 7) Vegna eftirlits og til þess að breytingunum á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 verði beitt frá og með gildistökudegi aðildarsáttmála Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjaland, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, skal reglugerðin koma til framkvæmda frá og með 1. maí 2004.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1622/2000 er breytt sem hér segir:

1. í I. kafla II. bálks bætist við eftirfarandi 18. gr. a:

„18. gr. a

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1795/2003 (Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 13).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1410/2003 (Stjtið. ESB L 201, 8.8.2003, bls. 9).

Víni eða þrúgumusti hellt yfir dreggjara eða þrúguhrat eða pressað aszú-mauk

- Þegar víni eða þrúgumusti er hellt yfir dreggjjar eða þrúguhrat eða pressað aszú-mauk, sem kveðið er á um í d-lið 4. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, skal það gert á eftirfarandi hátt, í samræmi við ungersk lög sem í gildi voru 1. maí 2004:
- a) framleiða skal „Tokaji fordítás“ með því að hella musti eða víni yfir pressað aszú-mauk,
- b) framleiða skal „Tokaji máslás“ með því að hella musti eða víni yfir szamorodni- eða aszú-dreggjjar.“
2. Í stað A-þáttar III. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.
3. Fyrstu málsgrein XII. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) eftirfarandi sjötti og sjöundi undirliður bætist við a-lið:
- „—gæðavíni f.t.h. sem lýst er með heitinu „pozdni sběr“,
- gæðavínið f.t.h. sem lýst er með heitinu „neskorý zber“,“
- b) eftirfarandi undirliðir bætist við b-lið:
- „— gæðavíni f.t.h. sem lýst er með heitunum „výběr z bobulí“, „výběr z cibéb“, „ledové víno“ og „slámové víno“,
- gæðavínið f.t.h. sem lýst er með heitunum „bobul’ový výber“, „hrozienvký výber“ og „fadový výber“.“
- c) eftirfarandi c-liður bætist við:
- „c) 350 mg/l fyrir:
- gæðavíni f.t.h. sem lýst er með heitinu „výběr z hroznú“,
- gæðavíni f.t.h. sem lýst er með heitinu „výběr z hrozna“.“
4. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka:
- a) eftirfarandi undirliðir bætist við annan undirlið b-liðar:
- „— Vin de pays du Jardin de la France, að undanskildum vínunum sem eru framleidd á því svæði og bera vottaða upprunálýsingu og á svæðum sem eru plöntuð með yrkinu Chenin í umdæmunum Maine et Loire og Indre et Loire,
- Vin de pays Portes de Méditerranée,
- Vin de pays des comtés rhodaniens,
- Vin de pays des côtes de Thongue,
- Vin de pays de la Côte Vermeille,“
- b) eftirfarandi g- til m-liðir komi í stað g-liðar:
- „g) í vínunum sem eru upprunnin í Kanada:
- 35 millijafngildi á lítra fyrir vín sem er lýst með orðinu „Icewine“,
- h) í ungerskum vínunum:
- 25 millijafngildi á lítra fyrir eftirfarandi gæðavín f.t.h.:
- Tokaji máslás,
- Tokaji fordítás,
- aszúbor,
- töppedt szőlóból készült bor,
- Tokaji szamorodni,
- késői szüretelésű bor,
- válogatott szüretelésű bor,
- 35 millijafngildi á lítra fyrir eftirfarandi gæðavín f.t.h.:
- Tokaji aszú,
- Tokaji aszúeszencia,
- Tokaji eszencia,
- i) í tékkneskum vínunum:
- 30 millijafngildi á lítra fyrir gæðavín f.t.h. sem lýst er með orðunum „výběr z bobulí“ og „ledové víno“,
- 35 millijafngildi á lítra fyrir gæðavín f.t.h. sem lýst er með orðunum „slámové víno“ og „výběr z cibéb“,

j) í grískum vínnum:

30 millijafngildi á lítra fyrir eftirfarandi gæðavín f.t.h. með heildaralkóhólstyrkleika 13% miðað við rúmmál eða hærrí og magn sykurleifa umfram 45 g/l:

- Samos (Σάμος),
- Rhodes (Ρόδος),
- Patras (Πάτρα),
- Rio Patron (Ρίο Πατρών),
- Céphalonie (Κεφαλονιά),
- Limnos (Λήμνος),
- Sitia (Σητεία),
- Santorini (Σαντορίνη),
- Nemée (Νεμέα),
- Dafnes (Δαφνές),

k) í kýpverskum vínnum:

25 millijafngildi á lítra fyrir gæðalíkjörvinið f.t.h. „Κουμανδάρια“ (Commandaria),

l) í slóvakískum vínnum:

25 millijafngildi á lítra fyrir eftirfarandi gæðavín f.t.h.:

- tokajské samorodné,
- 35 millijafngildi á lítra fyrir:
- tokajský výber,

m) í slóvönskum vínnum:

30 millijafngildi á lítra fyrir eftirfarandi gæðavín f.t.h.:

- vrhunsko vino ZGP — jagodni izbor,
- vrhunsko vino ZGP — ledeno vino,

35 millijafngildi á lítra fyrir eftirfarandi gæðavín f.t.h.:

- vrhunsko vino ZGP — suhi jagodni izbor. “

5. Ákvæðum B-þáttar XVIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi bætist við 1. lið:

„KÝPUR

Κουμανδάρια (Commandaria)“,

b) eftirfarandi bætist við 2. lið:

„KÝPUR

Κουμανδάρια (Commandaria)“,

c) eftirfarandi bætist við 4. lið:

„KÝPUR

Κουμανδάρια (Commandaria)“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 1. maí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. ágúst 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„A. Skrá yfir þrúgur vínviðaryrkja sem heimilt er að nota til að mynda vínlögun fyrir framleiðslu á ilmríkum gæðafreyðivínunum og ilmríkum gæðafreyðivínunum f.t.h.

(4. gr. þessarar reglugerðar)

Aleatico N	Mauzac blanc og rosé
Assórtiko (Assyrtiko)	Monica N
Bourboulenc B	Μοσχοφίλερο (Moschofilero)
Brachetto N	Müller-Thurgau B
Clairette B	Öll yrki muscatel
Colombard B	Nektár
Csaba gyöngye B	Pálava B
Cserszegi fűszeres B	Parellada B
Freisa N	Perle B
Gamay N	Piquepoul B
Gewürztraminer Rs	Poulsard
Girò N	Prosecco
Γλυκερίθρα (Glykerythra)	Ροδίτης (Roditis)
Huxelrebe	Scheurebe
Irsai Olivér B	Torbato
Macabeu B	Zefír B“
Öll yrki malvoisie	
